

Heimilt er hafnarnefnd að semja við aðkomuskip, sem gerð eru út frá Flaeyri, **203**
um fast árgjald. 28. sept.
Gjalddagi er 1. október ár hvert.

4. gr.

Stafliður e í 27. grein reglugerðarinnar falli niður.

5. gr.

Öll gjaldaákvæði 29. greinar reglugerðarinnar hækki um 25%, hver liður í hálfan eða heilan tug.

Í A-lið 29. greinar bætist við ný málsgrein, svo hljóðandi: 8. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg. Afli báta og skipa lagður á land, er þau koma úr veiðiför.

6. gr.

Aftan við 33. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 8.00 fyrir hverja smálest.

7. gr.

36. gr. orðist þannig:

Hafnarnefnd hefur haldsrétt á öllum vörum, sem gjöld eru greidd af, unz vörugjöld eru greidd.

8. gr.

Í stað orðanna „10—500 krónum“ í 41. grein reglugerðarinnar komi: 5—10 þúsund krónum.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. september 1950.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REIKNINGUR

204

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, árið 1949.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1949 B., bls. 496):	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 650782.41
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 31237.53
	<u>Kr. 682019.94</u>

Gjöld:

Sjóður til næsta árs: Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 682019.94
	<u>Kr. 682019.94</u>

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.

Jónas Guðmundsson.